

Orkusjóður

Orkusjóður er eign ríkisins og ber það ábyrgð á skuldbindingum hans. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra. Orkustofnun annast daglega umsýslu Orkusjóðs. Ráðherra skipar þrjá menn í ráðgjafarnefnd Orkusjóðs til fjögurra ára, [sbr. 8.gr.laga um Orkustofnun](#), sem gerir tillögur til ráðherra um lánveitingar og greiðslur úr Orkusjóði. Sjá nánar [reglugerð um Orkusjóð](#).

Hlutverk Orkusjóðs samkvæmt reglugerð [nr. 514/2003](#) er eftirfarandi:

- „að veita styrki til sérstakra verkefna á sviði hagkvæmrar orkunotkunar, þ.m.t. til fræðslu og upplýsingastarfsemi“
- „að veita styrki til verkefna sem stuðla að nýtingu á innlendri orku í stað jarðefnaeldsneytis og styrkja alþjóðasamvinnu um slík verkefni“